



Jóh. G. Möller

Bjarni Benediktsson – Jóh. G. Möller

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JÓH. G. MÖLLER

POSTHÓLF 851 - SÍMI 1696

- REYKJAVÍK -

REYKJAVÍK 14. dec., 1939.

Kæri vin,

Ég hefi ritað borgarstjóranum bréf um eftirlaunasjóðinn. Bréf þetta sendi ég þér hér með í afriti, og þætti mér vænt um, ef þú vildir ýta undir framkvæmd málaleitunar þessarar, einsog þú lofaðir mér í samtalinu, sem við áttum um þessi má fyrir all löngu síðan.

Ég hefi orðið talsvert var við það, að starfsmennirnir eru að verða langeygir eftir þessari viðurkenningu á sjóðnum, svo að, ef kleift væri, myndi mér þykja mjög vænt um, að þessu yrði hreyft á næsta fundi bæjarráðs.

Vona að þú gerir þitt besta,

Þinn
Jóh. G. Möller